

**Fréttabréf**  
**Rannsóknastofu í kvennafræðum**  
**við Háskóla Íslands**



---

1. tölublað, 9. árgangur

nr. 18

janúar 2000

---

Á komandi vormisseri mun Rannsóknastofa í kvennafræðum eins og áður standa fyrir rabbdagsskrá í hádeginu og opinberum fyrilestrum kl.16:00. Dagskráin er kynnt í heild sinni hér í fréttabréfinu. Einnig mun Rannsóknastofan ásamt fleirum, koma að ráðstefnu sem Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið mun standa að um mállefnið „Konur og tækni”, en það verður auglýst síðar. Dagskrá Rannsóknastofu í kvennafræðum á þessu misseri hefst með rabbi Árelju Eyðisar Guðmundsdóttur, og ber yfirkristina "Innsti koppur í búri: hver er kjarnastarfsmaður og hver ekki". Árelja mun ræða þá spurningu hvort að á vinnumarkaði gæti nái aukinnar tvískiptingar vinnuafls, þ.e. milli kjarna og jáðarstarfsmanna. Tveim vikum síðar verður opinber fyrilestur þar sem Kristín Loftsdóttir fjallar um konur og vald á meðal Wodaabe hirðingja í Niger.

Heimasiða Rannsóknastofunnar hefur verið óvirk um tíma vegna lagfæringa, en mun komast í gagnið næstu daga og vera aðgengileg á slóðinni: <http://www.hi.is/stofn/fem>. Einnig bendum við á heimasiðu jafnréttisnefndar Háskólaráðs á slóðinni: <http://www.hi.is/stjorn/jafnréttisn/>. Þau sem vilja fá sendar upplýsingar um dagskrá Rannsóknastofu í kvennafræðum geta skráð sig á netfangalista áhugahöps um kynjafræði með því að senda stofunni upplýsingar um netfang á [fem@hi.is](mailto:fem@hi.is).

Stjórn Rannsóknastofu í kvennafræðum skipta Arnfriður Guðmundsdóttir, stundakennari í guðfræðideild, Herdis Sveinsdóttir, dósent í námsbraut í hjúkrunarfæði, Rannveig Traustadóttir, dósent í félagsvisindadeild, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, dósent í félagsvisindadeild, Sigríður Þorgeirs dóttir, lektor í heimspekideild og Svafa Grönfeldt, lektor í viðskipta og hagfræðideild. Varamaður er Helga Kress, prófessor í heimspekideild.

Útgefandi: Rannsóknastofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands

Umsjón: Sóley Stefánsdóttir



## Málþing um kynlífssiðnaðinn á Íslandi

Í október sl. hélt Laugarneskirkja málþing í samvinnu við Rannsóknastofu í kvennafræðum. Málþingið bar yfirschriftina „Kynlífssiðnaður á Íslandi”. Á boðstólnum voru sex áhugaverðir fyrilestrar, félagar úr Íslenska dansflokknum sýndu dansatriði og í hlíð var boðið upp á kaffi og kleinur.

Fyrstur talaði Karl Steinar Valsson aðstoðaryfirlöggregluþjónn. Hann talaði um hve auðvelt aðgengi væri að klámi, og mikil efni í boði, þar á meðal barnaklám. Viðurlög við dreifingu á sílku efni sagði hanum vera sektur eða fangelsi allt að sex mánuðum, sem er vægari refsing en til dæmis fyrir auðgunarbrot. Spurning sé hvort ekki þurfi að endurskoða þessi viðurlög, sérstaklega þegar um er að ræða dreifingu á barnaklám. Stóðum sem bjóða upp á nektardans hefur fjölgæð verulega, og þar með fjöldi kvenna sem starfa við slíkt. Karl Steinar sagði nauðsynlegt fyrir okkur sem borgara að ákveða hvort við viljum sprýna fótum við þessari þróun, ennþá sé lag, en timinn vinni ekki með okkur.

Ingólfur V. Gislason frá jafnréttisráði velti upp spurningunni um það hverjir sækji kynlífspjónustu og hvers vegna. Karlar eru í meirihluta neytenda þessarar þjónustu og telur Ingólfur eina ástæðu ásóknar þeirra i keypit og ópersónulegt kynlíf vera hræðsluna við höfun. Í samfélaginu er það karlinn sem á að sækja á og vera gerandi en konur að sýna kurteislegt áhugaleysi, af þessu leiðið að karlar upplifa höfunn miklu oftar en góðar móttökur. Ingólfur skiptir þeim sem kaupa sér kynlíf í þrjá hópa; fiktara, sem prófa einu sinni eða tvívar, fortíðarmenn, en það eru karlar sem ekki geta tekist á við breyta stóðu kynjanna og gengur illa á „almennum markaði”, og uppar, sem telja að fullnægging eigin þarfa og langana sé eina gildi lífsins og að allt sé til sólu. Ingólfur telur að með breyttum hlutverkum og samskiptum kynjanna verði smátt og smátt grafið undan kynlífssiðnaðinum, að ungar konur séu í meiri mæli farnar að sýna frumkvæði án þess að fá a sig hórustimpli.

Rósá Erlingsdóttir stjórmálafræðingur siddi um vændi í kjölfar stjórmarsbreytinga í Austur-Evrópu. Hún sagði að samanburðarrannsóknir á lyðræðisþróun í heiminum sýni að með tilkomu lyðræðislegra stjórnarháttá séu konur gerðar að pólitískum minnihlutahópi. Mikil fátækt fylgdi í kjölfar breytinganna meðal fólks, sem að tímum síðalsímans starfaði sem almennir verkamenn. „Með tilkomu lyðræðislegra stjórnarháttá og frjáls markaðshagkerfis og aukinni samkeppni á vinnumarkaði voru konur fyrstar til að missa stórf sín,” sagði Rósá. Í kjölfar allra þessara breytinga hefur vændi aukist til muna í löndum Austur-Evrópu og kynlífssiðnaður staðið þar í miklum blóma. Samkvæmt skýrslu nefndar um afnám ofbeldis gegn konum var ályktæd að hátt á annað hundrað þúsund konur og börn frá þessum löndum láti leiðast út í vændi ár hvert, og samkvæmt tölum sameinuðu þjóðanna er hagnaðurinn af þessari verslun (trafficking) um 7 milljarðar dala á ári, eða meiri en af ólöglegri vopnasölu. Skipulagðir glæpahringir standa fyrir þessari verslun og á Íslandi hefur þeim tekist að villa á sér heimildir og snúa á íslensk lög undir því yfirsíki að stundaður sé innflutningur á listdönsrum til landsins. Það er þó ekki í samræmi við skuldbindingar því íslensk stjórnvöld eru frá 24. júní 1980 skuldbundin af alþjóðasáttmála til að tryggja aukin réttindi kvenna, og ber samkvæmt 6. grein þessa sáttmála að griða til aðgerða með lagasetningum ef þörf krefur, gegn kynlífssiðnaðinum sem nú þrifst hér á landi.

„Lagasetningar skulu taka mið af mannréttindum þeirra kvenna sem orðið hafa fórnarlömb vændis sem rekið er af alþjóðaglæpahringum og íslenskir aðilar hagnast af. Lýðræði og frjálst markaðskefni er ekki eitt og hið sama,” sagði Rósá að lokum.

Nanna Sigurðardóttir félagsráðgjafi ræddi um áhrif kynlífssiðnaðar á börn og unglingsu. Hún minnti að ekki er um kynlíf að ræða heldur klám, „þetta er klámiðnaður” sagði hún og þar ríkjat fyrst og fremst peningaleg tengsl milli fólkss. Eitt af því slæma við klámið segir Nanna er að það truflar sýn barna á hvað ást og kynlíf er. Forvitni barna til að skoða blöð og bækur segir Nanna vera á undanhaldin en sjónvarpið og Netið hafi komið í staðinn.


Stundum leiði þetta klámláp til klámráhyggju sem verður til þess að ekki er verið að uppfylla gleði- eða nautnalöngun heldur spennulöngun. Börn þurfa leiðsögn foreldra sinna í þessum nýja heimi, það dugar ekki að láta þau valsa ein um tækníheiminn þar sem margt ógværlegt mætir augum. Foreldrar þurfa sjálfsir að fraða börn sín.

Hildur Fjóla Antonsdóttir talaði fyrir hönd „Brietar”, félags ungra feminista. Hún ræddi um hvað ungum konum fyrnisti um klámvæðinguna. Hún segir Briet vera á móti klámiðnaðinum þar sem konur eru hlutgerðar og settar að svíð sem sóluvara. Það að einhver priðji aðili, hórmangrar, framleiðendur og dreifiaðilar klámnýnda/rita og eigendur klámaðstaða hagnist á því að selja aðgang að líkónum annarra sýnir fyrst og fremst síðleysi og ábyrgðarleysi viðkomandi aðila og að stuðningskerfi samfélags okkar hriplekur. Í lok erindisins sagði Hildur: „Við viljum hvetja sjálfstæð samtök s.s. foreldrasamtök og Barnaheill til að láta heyra í sér varðandi klámiðnaðinn á Íslandi í dag og emnfremur hvetjum við stofnani samfélagsins til að ná tökum á klámvæðingunni sem fyrst, því að eftir höfðinu dansa limirnir!”

Síðastur kom í pontu Helgi Hjörvar, forseti borgarstjórnar og ræddi stefnu borgaryfirvalda í málefnum kynlífssiðnaðarins. Hann sagði þriggja manna nefnd hafa verið skipaða til að fjalla um hugsanlegar breytingar á lögum um þessi efni, en niðurstöður hennar skyldu ligggja fyrir 1. des '99. Helgi sagði að borgaryfirvöld hefðu reynt að sporna við þessari þróun í Reykjavík með því að tefja leyfi til vinveitinga, en þrátt fyrir ríkulega lögfræðiaðstoð fundust ekki lagaheimildir til að veita þessari starfsemi aðhald eða banna hana. Samkvæmt nágildandi lögum falla öll veitingahús undir sömu skilgreininguna. Hvaða kaffihús sem er sem hefur vinveitingaleyfi gæti látið stúlkur fara að dansa upp á borðum. Pessum skorti á lagaheimildum segir Helgi að verði að breyta.

Eftir erindin fóru fram miklar umræður og var fólk sammála um að auka þyrfti kynlífssfræðslu barna. Einnig var sterklega bent á nauðsyn þess að koma upp stuðningsneti fyrir stúlkur sem hefðu leiðst út í vændi, til að búi þeim útgönguleið þaðan.

Sóley Stefánsdóttir.



## Fréttir frá jafnréttisnefnd Háskóla Íslands

Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands tók til starfa í janúar 1998. Starfssvið nefndarinnar nær til jafnréttismála í viðum skilningi. Nú er unnið að áætlun um framkvæmd jafnréttisstefnu Háskólans, sem lögð verður fyrir háskólaráð i febrúar, en jafnréttisnefnd mun annast eftirlit með henni. Nefndin stýrir starfi vinnumhópa sem sérstaklega eru skipaðir til að vinna að tilteknun þáttum jafnréttismála i samráði við þá aðila innan Háskólans sem að þeim málum koma.

Jafnréttisnefnd setti saman starfshóp um kynferðislega áreitni árið 1998. Hann hefur stýrt fræðsluátaki um meðferð mála er upp kunna að koma innan skólans vegna kynferðislegrar áreitni. Þann 25. júní 1998 gerði háskólaráð samþykkt um aðgerðir til að fyrirbyggja og taka á kynferðislegri áreitni innan Háskóla Íslands. Þar segir m. a. að kynferðisleg áreitni verði ekki liðin, hvorki meðal nemenda né starfsfólks Háskóla Íslands. Jafnframt skulí tryggður réttur þeirra sem verða fyrir slíkri áreitni til aðgangs að sérstökum aðilum sem leiti leiða til að réttá hlut þess sem misgert hefur verið við. Nú standa jafnréttisnefnd Háskóla Íslands og Reykjavíkurborg fyrir námskeiði um kynferðislega áreitni á vinnustöðum/háskólum í ráðstefnusali þjóðarbókhlöðu dagana 25., 27., og 28. janúar. Mun Ninni Hagman sem hélt velheppnað námskeið í maí í fyrra koma og stjórna þessu námskeiði. Námskeiðið er líður í áætlun starfshóps jafnréttisnefndar um að taka á málum er varða kynferðislega áreitni á frumstigi. Markmið námskeiðsins er að þáttakendur öðlist nokkra hæfni í að taka á slikum málum og fái leiðsögn í að bregðast við kvörtunum og leysa úr þeim eftir ákveðnu ferli. Um miðjan janúar 2000 kom út fræðslubæklingur jafnréttisnefndar um kynferðislega áreitni og verður honum dreift til nemenda og starfsmanna skólans.

Fyrir skómmu var ákveðið að jafnréttisnefnd myndi standa fyrir röð fræðslufunda um jafnréttismál á vormisseri 2000. Hugmyndin er að hafa fundi þar sem sérfræðingar munu flygti stutt og hnittmúð fræðsluerindi með umræðum í lokin. Fræðslufundunum verður ýtt úr vör í mars næstkomandi en þá verða haldir fundir um laun- og kjaramál í samstarfi við Áhenu, sem er félag kvenna við Háskóla Íslands. Dagskrá verður auglýst síðar.

Jafnréttisnefnd hefur í hyggju að ráða jafnréttisfulltrúa til starfa í hálfa stöðu sem starfsmann nefndarinnar frá og með næsta haustmisseri. Ekki hefur enn verið ákveðið hvaða krófur verða gerðar til vœtanlegs jafnréttisfulltrúa en stefnt er að því að setja markið hátt. Þekking á sviði jafnréttismála er nauðsynleg, reynsla af jafnréttistarfi æskileg og menntun á sviði jafnréttisrannsókna eða með kynjafræðilegi áherslu. Lögð hefur verið áhersla að staða jafnréttisfulltrúa við Háskóla Íslands verði staðsett ofarlega í stjórnsýslunni. Stefnan er að ráða jafnréttisfulltrúa í hálft starf þar sem ekki eru forsendir til að ráða í heilt starf. Vel mætti hugsa sér að jafnréttisfulltrúi fengi styrkfé annars staðar frá til að sinna rannsóknum á sviði jafnréttismála og hefði hann þá aðstöðu við Háskóla Íslands.


Jafnréttisnefnd vinnur nú að undirbúningi átaksverkefnis um jafnara námsval kynjanna innan Háskóla Íslands. Framkvæmdaðili verður Jafnréttisnefnd Háskólans og Jafnréttisráð i sam-starfi við forsætisráðuneyti, menntamálaráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og undirstofnanir þeirra, einkum Iðntæknistofnun, Skólameistarafélag Íslands, Gallup-Ráðgarð, Eimskipafélag Íslands og eitt til tvö tölvufyrirtæki. Einnig verði

leitað samstarfs við Stúdentaráð HÍ. Skipuð verður ráðgjafanefnd með fulltrúum þessara aðila og verkefnið verkefnisins er tvíþætt: I. Að gert verði átak til að jafna kynjaskiptingu í raun- og tæknigreinum í námi á háskólastigi. Ráðist verði til hvatningarátaks meðal stúlkna í síðasta bekk grunnskóla og í framhaldsskólam og þær hvattar til að velja raungreina-brautir sinna skóla, sem í framtíðinni gæti stuðlað að auknum hlut þeirra í verk- og raunvísindum innan Háskóla Íslands. Að sama skapi verða hefðbundin kvennafög eins og til dæmis ljúkrunarfræði kynnt drengjum í framhaldsskólam; II. Að gert verði átak meðal kvenna í öllum deildum skólans til að efla þær og undirbúa undir þátttuðu í stjórnun og rekstri fyrirtækja og fyrir störf í æðstu stöðum stjórnsýlunar eftir að námi lýkur. Þetta verði gert með sérstökum námskeiðum og handleiðslu, með verkefnum í þeim námskeiðum skólans sem til staðar eru, og með almennum „árðóri“ sem hvetur konur til að gera starfsframaáætlanir og vinna að verkefnum, sem gera ráð fyrir þeim sem stjórnendum og rekstraraðilum til jafns við karla á öllum svíðum.

Þarf er að stórauka umræðu um kynjavíddir í menntun og þá einna helst í raungreinum. Við upphaf átaksverkefnisins er ætlun jafnréttisnefndar að boða til fræðslufundar og eða málþings um kynjavídd í kennslufræðum. Önnur leið til að auka vísindalega orðraðu og þjóðfélagslega umræðu um viðfangsefnið er að gera mikil úr afrekum kvenna í raunvísindum til að stúlkur átti sig á að konur fást við þessi fög. Jafnframt er stefnt að setja upp stuðningskerfi (mentorship) fyrir stúlkur sem velja óhefðbundnar námsgreinar s.s. stærðfræði, eðlisfræði eða verkfræði. Leitað verður samstarfs við hollvinafélög þessara skora við Háskóla Íslands svo og fagfélög í greinunum. Jafnréttisnefnd vill benda á brýna nauðsyn þess að svo viðamikil verkefni nýjoti almenns stuðnings hins opinbera. Mikil þörf er að að jafna kynjahlutfalli í fjölinörðum greinum og námsbrautum innan Háskóla Íslands, en eins og fram hefur komið á það ekki einungis við um raunvísindi og verkfræði. Hins vegar er ljóst að atvinnulifff leggur í auknum mæli áherslu á kunnáttu í verk- og tölvunarfræði og eigi konur að eiga jafna starfsframamöguleika og karlmenn er nauðsynlegt að þær leggi stund á þessi fög í jafnhara hlutfalli við þá. Með því að leggja áherslu á að átaksverkefnið skili konum í stjórnunarstöður er markmiðið um jafnrétti kynjanna á öllum svíðum þjóðfélagsins haft að leiðarljósi. Tilgangur átaksverkefnanna er einnig að hjálpa konum að finna sér starf í sinu fagi að námi loknu þ.e. að samþætta nám og starf. Við lok náms og á efri skólastigum er mikilvægt að nemendum sé veittur nægilegur stuðningur til að sameina fjölskylduábyrgð, framhaldsnám og í kjölfarið starfsferil. Hér þarf að breyta hugarfari og viðhorfum, sérstaklega til kvenna og er það hlutverk stjórnvalda að eiga frumkvæði að fjölskyldu-, atvinnu- og skattapólitík sem auðveldar konum og körlum samþætingu náms, starfsframa og fjölskylduábyrgðar. Verkefnið er enn á undirbúningsstigi og er nú unnið að því að finna samstarfsaðila sem lagt geta verkefnið fē eða þekkingu og efní til námskeiðshalds.

Rósa Erlingsdóttir

DAGSKRÁ VORMISSERIS 2000  
RANNSÓKNASTOFA Í KVENNAFRÆÐUM



**Röbb: kl. 12.00-13.00, stofu 201, Odda:**

27. janúar: Árelíð Eydis Guðmundsdóttir, vinnumarkaðsfræðingur : „Innsti koppur í búri: Hver er kjarnastarsmaður og hver ekki”.

24. febrúar: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, félagsfræðingur : „Hátækni, vinnuskipulag og kynferði”.

9. mars: Úlfhildur Dagsdóttir, bókmennatafræðingur: „Sjá:öld augna. Sjónarspil og sjónræn menning”.

23. mars: Sigríður Matthiasdóttir, sagnfræðingur: „Lænningardeilur, þjóðerni og kvenleiki á árunum milli stríða”.

6. apríl: Hrafnhildur Scram, listfræðingur: „Fyrstu íslensku myndlistarkonurnar”.

**Opinberir fyrirlestrar í stofu 201 í Odda, kl. 16.00**

10. febrúar: Kristin Loftsdóttir, mannfræðingur: „Að standa á sama: Konur og vald á meðal WoDaaBe hirðingja í Niger”.

2. mars: Páll Björnsson, sagnfræðingur: „Frelsi, karlmennska, bræðralag. -Greining á borgaramyndum frjálsþygjumanná á 19. öld.”

Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélög mun halda ráðstefnu um konur og tækni í samvinnu við Rannsóknastofu í kvennafræðum, Skýrslutæknifélag Íslands, Félag tölvunarfræðinga og Jafnréttisráð. Það verður kynnt síðar.


NÝÚTKOMNAR BÆKUR

Í tilefni af 50 ára útgáfuafmæli tímamótaverksins Hitt kynið, eftir franska heimspekinginn og rithöfundinn Simone de Beauvoir, stóð Rannsóknastofa í kvennafræðum fyrir málþingi þann 19. mars sl. Nú eru erindi þingsins ásamt íslenskri þýðingu á inngangi Beauvoir að Hinu kyninu komin út á bók sem ber titilinn: *Simone de Beauvoir. Heimspekingur, rithöfundur, feministi*.

Þrátt fyrir að Hitt kynið sé orðið fimm tugt á það enn fullt erindi við samtimann. Það er á margan hátt timalaust verk því það hefur hleypt lífi í og endurnýjað feminísmann allt fram á þennan dag. Rannsókn Simone de Beauvoir á stöðu kvenna markaði eiginlegt upphaf feminískra fræða á 20. öld og má segja að Hitt kynið sé nokkurs konar stofniskrá kvennabaráttu okkar tíma. Þetta áhrifamikla verk, sem mun likast til vera minnst sem eins af bylttingarritum þessarar aldar, hefur engu að síður verið umdeilt. Beauvoir, þessi framúrstefnukona aldamóta-kynslóðarinnar, fór eigin leiðir í lífi sínu og verki. Í Hinu kyninu leggur hún megináherslu á frelsi kvenna og að þær njóti réttar til jafns við karla. Hún andmælir því að hlutskipti þeirra sem „hitt kynið“ skerði móguleika og tækifæri þeirra. Af þeim sökum gagnrýnir hún hugmyndir um áskipaða hlutverkaskiptingu kynjanna sem byggja á líffræðilegu kyni. Með hinni fleygu setningu „maður fæðist ekki kona, heldur verður kona“ vildi Beauvoir sýna fram á að kyn væri ekki „líffræðileg örlog“ sem dæmdu konur til ófrelsis.

Í ritinu *Simone de Beauvoir. Heimspekingur, rithöfundur, feministi* er leitast við að meta nú i áldarlok framlag Simone de Beauvoir til heimspeki, kvenna- og kynjafraða, bókmennata og kvennabaráttu. Höfundar efnis eru Sigríður Þorgeirs dóttir, Irma Erlingsdóttir, Dagný Kristjánsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Vilhjálmur Árnason. Torfi H Túlinius býddi innganginn að Hinu kyninu.

**UNDIRSTRAUMAR.** Nýlega kom út bókin, *Undirstraumar - greinar og fyrirlestrar* eftir Dagnýju Kristjánsdóttur. Bókin er einskonar þverskurður af því sem Dagný hefur verið að gera síðasta áratug eða svo. Hún skiptist í þreunt: Um bókmennir; Um bókmennatasögu; Um bókmennatafræði og menningu. Þarna eru greinar um bókmennir á liðandi stundu, fagurfræði, mat, hinsegin fræði, geðveiki, síðfræði ... eithvað fyrir alla. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999.



NORA

## Vettvangur fyrir feminískar rannsóknir.

Á síðasta ári var ritstjórn hins fjölfaglega, norræna kvennafræðitimarits flutt frá Finnlandi til Svíþjóðar. Núverandi ritstjórar eru tveir, þær Lilja Mósesdóttir og Eva Borgström. Líkt og fyrr er timaritinu ætlað að vera norrænn vettvangur fyrir feminískar rannsóknir. Það mun koma út þrisvar á ári og hafa nýju ritstjórarnir áhuga á að helga eitt tölvublað á ári ákveðnu málfeini. Jafnframt er það stefna þeirra að hafa fjölbreyttu kynningu á feminískum bókum sem gefnar eru út á norðurlöndunum. Í nýjasta heftinu af Noru eru innlegg undir heitinu „umræða“, þar sem Kristín Ástgeirs dóttir ræðir um sambandið milli feminískra rannsókna og kvennahreyfingarinnar.

Ég hvet lesendur til að koma verkum sínum á framfæri í Noru. Fyrir þá sem hafa áhuga á að kynna sér tímaritið bendi ég á að bæði Rannsóknastofa í kvennafræðum og Háskólabókasafnið er með áskrift. Einnig hef ég nokkur eintök sem sjálfsagt er að senda til beirra sem ihuga að koma grein í blaðið.

Útgáfu Noru er styrkt af Norrænu ráðherraneftindinni og dugar það fyrir prentun og öðrum tengdum kostnaði, en félagið The Nordic Association of Women's Studies and Gender Research, sem kvennafræðistofur frá öllum Norðurlöndunum eru aðilar að, er ábyrgt fyrir útgáfu þess. Hinn íslenski fulltrúi í stjórn félagsins nú er Þorgerður Einarsdóttir. Reiknað er með að rístjórnin ferist á milli Norðurlandanna á 2-3 ára fresti og fer því að koma að Íslandi að taka við. Scandinavian University Press gefur tímaritið út, en Taylor and Francis munu taka tímaritadeild þess yfir á þessu ári. Um framhaldid eru nokkuð óvissa og hefur m.a. verið athugað með að flytja útgáfuna til Sage.

Nora er ritrýnt timarit. Hver grein er send til tveggja ritrýna og er það stefna ritstjóranna að þeir séu ekki frá sama landi og höfundurinn. Mikilvægt er fyrir ritstjóranana að hafa góða yfirsýn yfir þá sem koma til greina sem ritrýnar og því langar mig til að biðja alla þá sem eru tilbúni til að ritdæma greinar fyrir Noru að senda mér tölvupóst bess efnis (mikilvægt er að helstu fræðasvið komi fram). Þá mun sjá um að koma þeim unnplysingum áfram til Lilju Mósesdóttur og Evu Borgström.

## Sendið greinar til:


NORA

Human Work Sciences

Division: Gender and technology  
Luleå University of technology

Sweden  
Tölvunóstfang: NORA@arb.luth.se

Kristín Björnsdóttir, dósent  
námsbraut í hjúkrunarfræði, HÍ  
Tölvupóstur: [kristbj@hi.is](mailto:kristbj@hi.is)



## Alþjóðlegar ráðstefnur árið 2000.

4-06.02 Toronto, Canada

Mothering in the African Diaspora: Literature, History, Society, Popular Culture and the Arts. An international conference. Deadline for abstracts 15.04.1999. Info: Andrea O'Reilly, A.R.M., 726 Atkinson College, York University, 4700 Keele Street, Toronto, ON Canada M3J 1P3, tel: +1 416 736-2100 x40206, fax: +1 416 736 5416, [arm@yorku.ca](mailto:arm@yorku.ca)

02-04.03 Seville, Spain

The Rhetoric(s) of Masculinity. Deadline for abstracts 27.09.99. Info: Carolina Sanchez-Palencia or Juan Carlos Hidalgo, Departamento de Literatura Inglesa y Norteamericana, Universidad de Sevilla, C/. Palos de la Frontera, s/n, E-41004 Sevilla, fax: +34 954551552, csanchez@siff.us.es or jhidalgo@siff.us.es

12-15.04 Amsterdam, The Netherlands

Gender and Technology. 3rd European Social History conference. Info: Raymond Hofman, Belle van Zuylen Institute, Rokin 84-90, 1012 KX Amsterdam, the Netherlands, tel: +31 20 525 3612, fax: +31 20 525 2219, [hofman@psc.uva.nl](mailto:hofman@psc.uva.nl)

11-14.05 Obory, Poland

**Between wars. Nations, nationalisms and gender relations in central and eastern Europe 1918-1939.** A follow-up to a conference organized by the GHI Warsaw in 1998, at which scholars from Poland, Russia, the Czech Republic, the Ukraine, Latvia, Germany and Austria discussed 'Gender and Nationalism in Central and Eastern Europe 1848-1918'. Call for papers-deadline 31.08.99. Info: Dr. Sophia Kemlein, German Historical Institute Warsaw PKiN, XVII p., Plac Defilad 1, skr. 33 PL-00-901 Warszawa, tel. +48 22 6567182, fax + 48 22 6937006, kemlein@dhi.waw.pl

26-29.05 Ontario, Canada

**Simone de Beauvoir - L'engagement d'une oeuvre et d'une vie.** Colloque international. Propositions de contributions avant 1.10.1999. Info: Hélène Benbaruk, Etudes françaises, Trent university, Peterborogh, Ontario, Canada K9J 7B8, tel: +1 705 748 1394, fax: +1 705 748 1630, hbenbaruk@trentu.ca

08-11-06 Vancouver, Canada

**Women Work and Computerisation: Charting a Course to the Future.** 7th International Federation of Information Processing. Info: Deborah Kirby, WWC2000, c/o School of Communication, Simon Fraser University 8888 University Drive, Burnaby, BC V5A 1S6 Canada, dkirby@sfu.ca

**23-25.06 Leeds, UK**

**Gendering Ethics/ The Ethics of Gender.** An International Interdisciplinary conference. Across a wide range of disciplines questions of ethics are taking centre stage. This conference will be the first major international, interdisciplinary feminist conference in the UK to address these issues. Deadline for abstracts 01.02.00. Info: Sasha Roseneil & Linda Hogan, Centre for Interdisciplinary Gender Studies, University of Leeds, Leeds LS2 9JT, UK, [gender-studies@leeds.ac.uk](mailto:gender-studies@leeds.ac.uk) <http://www.leeds.ac.uk/gender-studies>

**29.07-03.08 Tampere, Finland**

**VI ICCEES (International Council for Central and East European Studies) World Congress.** Special field of study: Investigating Gender. Call for papers deadline has expired. Info: Finnish Institute for Russian and East European Studies, Annankatu 44, FIN-00100 Helsinki, Finland, tel: +358 9 2285 4434, fax: +358 9 2285 4431.

**Late August/early September 2000 Oslo, Norway**

**Conflict and Cooperation in Sites of Cultural Co-existence: Perspectives from Women's History conferece by the International Federation for Research in Women's History/Fédération Internationale pour le Recherche en Histoire des Femmes in conjunction w/the International Committee of Historical Sciences.** We seek papers that focus on gendered histories of conflict and cooperation in sites where women, and men, of competing cultures share geographical or geo-political space. Info: Ida Blom, Dept. of History, University of Bergen, P.O.Box 25, N-5027 Bergen, Norway, tel: +47 55 58 23 02, +47 55 58 23 02, [id.a.blom@hi.uib.no](mailto:id.a.blom@hi.uib.no)

**12-15.09 Zürich, Switzerland**

**2nd European Conference on Gender Equality in Higher Education.**

Info: Office of Equal Opportunity, Prof. K. von Salis, Geographical Institute, 8092 Zürich, Switzerland, [katharina@erdw.ethz.ch](mailto:katharina@erdw.ethz.ch)

**28.09-01.10 Bologna, Italy**

**Body, gender, subjectivity. Crossing disciplinary and institutional borders.** 4th European Feminist Research Conference. Deadline for abstracts 15.10.99. Deadline for registration 01.05.00. Info: [aoife-secretariat@nikk.uio.no](mailto:aoife-secretariat@nikk.uio.no)

**11-14.10 Zurich, Switzerland**

**Knowledge, Power, Gender. Philosophy and the Future of the "Female Condition".**

The 9th Symposium of the International Association of women Philosophers. Info: <http://www.iaph.org>

Skrifstofa Rannsóknastofa í kvennafræðum er staðsett á annarri hæð í norðurálmu aðalbyggingar Háskóla Íslands (3. hurð til vinstrí). Skrifstofan er opin á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtdögum frá 10.00 til 12.00. Einnig er hægt að hafa samband í síma 525 4595 og senda simbréf til stofunnar í síma 552 1331. Netfang Rannsóknastofunnar: [fem@hi.is](mailto:fem@hi.is). Vefang stofunnar: <http://www.hi.is/stofn/fem>:

**Rannsóknastofa í Kvennafræðum býður nemendum og stuðningsaðilum stofunnar eftirtaldar bækur á verulegum afslætti:**

- Fléttur
  - Íslenskar kennararannsóknir
  - Íslenskar kennararannsóknir. Gagnagrunnur
- Einnig er nýútkomin bók um Simone de Beauvoir til sölu á stofunni.



Mér finnst grisir miklu skemmtilegri er kóngssynir!



RANNSÓKNASTOFA Í KVENNAFRÆÐUM  
HÁSKÓLA ÍSLANDS  
101 Reykjavík  
Sími: 525-4595; Fax: 552-1331  
Netfang: [fem@hi.is](mailto:fem@hi.is). Heimasiða: <http://www.hi.is/stofn/fem>